

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þriðjudaginn 25. apríl 2014 og hófst kl 14:00

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Stefán Benjamínsson, Ingveldur Eiríksdóttir, María Guðmundsdóttir, Halldór Njálsson, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki.

1. Skýrslur skólastjórnenda

Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir leikskólastjóri Barnabóls

- Starfið í leikskólanum hefur gengið vel í vetur.
- Það hefur gengið að halda úti hópstarfi í vetur.
- Starfsumhverfi og starfsaðstæður á leikskólanum eru erfiðar og það veldur álagi á starfsfólk. Starfsfólk hefur staðið sig vel við að leysa málin.
- Skýrt skipulag er mikilvægt til að halda úti tveimur deildum í sama leikskóla til að samræma vinnu á milli deilda.
- Foreldrasamtölin eru búin og komu vel út.
- Niðurstöður úr skólapúlsinum eru ekki komnar.
- Nauðsynlegt að sinna ýmsu viðhaldi á lóðinni og innandyra. Sumt af því sem beðið var um að láta laga í fyrra er ennþá í ólagi.
- Verið er að koma upp útiöldunaraðstöðunni og verður hún tekin í notkun í vor.

Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn

- Starfsmannamál liðins vetrar. Margir nýjir kennarar komu inn í haust en það hefur gengið vel. Nokkur forföll hafa þó orðið á starfsmönnum í vetur og Ingveldur fór yfir hvernig það var leyst.
- Aðkoman að skólanum var slæm í haust og erfitt að hefja skólaárið vegna þess. Þarf að passa að það gerist ekki aftur.
- Þróunarstarf við skólann hefur verið talsvert í vetur.
 - Þar hefur verið unnið að skólanámskrágerð.
 - Art kemur vel út og telur Ingveldur að það gagnist nemendum vel ..
 - Byrjendalæsið og orð af orði. Þessi þróunarverkefni nýtast heilmikið í skólanum við skólastarf almennt.
 - Olweusaráætlunin er að klárast og virðist einelti hafa minnkað umtalsvert.
 - Móttaka nýbúa – búið að skila þróunarskýrslu vegna þess verkefnis.
- Viðburðir hafa verið ýmsir í vetur og tekist vel en þar ber hæst stórafmæli skólans.
- Farið var yfir viðburði sem eru framundan í maí.
- Nefndir og ráð.
 - Kennarafundir í hverri viku.

- Þróunarverkefnisfundir eiga einnig að vera í hverri viku en það næst ekki alltaf.
- Nemendafélagið er að komast af stað fyrst núna.
- Skólaráð hefur fundað 1 sinni og fundar fljótlega um skóladagatalið.
- Foreldrafélag hefur gengið ágætlega en skólinn hefur ekki verið nægilega virkur í því.
- Húsnæðið. Búið að vera að vinna í öryggsmálum innandyrna. Búið að halda slökkviliðsæfingu og fleira. Þá fór Ingveldur yfir það sem þarf að gera varðandi húsnæði skólans en heilmikið þarf að gera í rakamálum og skipta út ljósum. Þá þarf að mála og skipta um gólfefni.
- Frístundamál. Nú er nýkomin út skýrsla sem fjallar um frístundamál en verið er að leggja meiri áherslu á frístund í skólum og gerð er meiri krafa á frístundir en áður.
- Húsgögn. Alltaf verið að bæta við húsgögnum en þar þarf að gera betur.
- Verið að skoða möguleika á útinámssvæði.
- Ingveldur kom inn á hraða og nálægð umferðar á Langanesvegi en það er áhyggjuefni. Búið að ræða þetta við vegagerðina. Fræðslunefnd mælir með því að unnið verði að því að bæta umferðaröryggi skólabarna í Langanesbyggð við Langanesveg og hvetur sveitarstjórn til að vinna markvisst að því.
- Endurmenntunaráætlunin. Sótt var um í endurmenntunarsjóð grunnskólakennara.
- Farið yfir niðurstöður samræmdu prófanna og sýndi Ingveldur meðaltöl síðustu ára. Niðurstöðurnar eru ekki góðar.

María Guðmundsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði

Ákveðið að María myndi skila sinni skýrslu á næsta fundi fræðslunefndar. María sótti um styrk í sprotasjóð og hlaut alls 1 milljón króna í styrk til að þróa vinnustofurnar. Hildur kynnti einnig að Framhaldsdeildin á Laugum fékk styrk úr sprotasjóði til að þróa verknámskennslu alls 1,7 milljónir króna.

2. Foreldraráð, foreldraráð og nemendafélög

Ákveðið að taka þetta fyrir á næsta fundi.

3. Skóladagatöl

Ingveldur, María og Halldóra lögðu fram drög að skóladagatölum fyrir veturinn 2014-2015. Formaður lagði til að allir skólastjórnendur í Langanesbyggð myndu hittast og fara yfir skóladagatölin og samræma þau eftir því sem kostur er. Samræmd skóladagatöl verði síðan lögð fyrir fræðslunefnd á næsta fundi.

4. Viðhald og áherslur á skólahúsnæði og lóðum

Formaður hvatti stjórnendur til að fara vandlega yfir það hvaða viðhald þarf fyrir skólahúsnæði og skólalóðir og hvað þarf að gera í sumar. Þetta þarf að lista upp og fara yfir með sveitarstjóra.

5. Handbók fræðslunefndar

Formaður dreifði efnisyfirliti fyrir handbók skólanefndar Akureyrarbæjar. Þá var einnig dreift styttri útgáfu þar sem búið er að taka út nokkra þætti sem hugsanlega eiga ekki við fræðslunefnd Langanesbyggðar.

Ákveðið að Ingveldur og Vilborg taki saman tillögu að handbók fyrir fræðslunefnd Langanesbyggðar. Fræðslunefndarfulltrúar eru hvattir til að koma á framfæri við þær ábendingum um efni sem fyrst.

6. Skólastarf fram að skólaslitum

Leikskólinn:

Leikskólinn er lokaður frá og með 4. júlí. Leikskólinn opnar aftur 11. ágúst. Starfsdagur verður 8. ágúst.

Framundan er:

- Vorsýning sem haldin verður 8 maí.
- Útskrift elstu barnanna verður 15. maí.
- Útskriftarferð verður líklega annan í Hvítasunnu.
- Sveitaferð fyrirhuguð í maí.

Grunnskólinn á Bakkafirði:

Framundan er:

- Námsmat
- Kynning á vinnustofum og tónleikar 6. maí.
- Skólaferðalag 15.-18. maí
- Leiksýning og skólaslit 23. maí

Störf fræðslunefndar fram að kosningum:

Lagt til að fræðslunefnd fundi a.m.k. einu sinni í maí og aftur í júní. Ákveðið að næsti fundur verði 13. maí n.k. kl 16:00 í Grunnskólanum á Bakkafirði.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 15:45